

Nd. **522. Breytingartillaga** [223. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (StG, GSig, IG, GGS, FrS, HBl).

1. gr. orðist svo:

Á eftir 15. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal útflutningsgjald af saltfiski, framleiddum á árinu 1984, vera 4% af fob-verðmæti. Sama gildir um skreið, sem framleidd var fyrir 31. desember 1983 og ógreidd var á þeim degi.

Jafnframt er ráðherra heimilt að lækka eða fella niður útflutningsgjald af fódurlýsi sem framleitt er á árunum 1984 og 1985, enda flytji framleiðandi það út undir íslensku vörumerki.